

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK


Hjólstæði við biðstöðvar strætó - fyrsti áfangi

Óskað er heimildar skipulags- og samgönguráðs til að ljúka verkhönnun og koma í framkvæmd uppsetningu á hjólstæðum við biðstöðvar strætó. Framkvæmdin er hluti af Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020 og liður í því að styrkja tengsl almenningsgangna og hjólreiða um borgina.

Fyrir liggur skýrsla Mannvits, greining þar sem metin hefur verið möguleg þörf hjólstæða við biðstöðvar og settar eru fram tillögur að staðsetningum þeirra við hverja biðstöð.

Til stendur í þessum fyrsta áfanga að setja hjólstæði við um 20 valdar biðstöðvar í Reykjavík, byggt á áður nefndri greiningavinnu, ýmist til bráðabirgða eða með varanlegum frágangi eftir aðstæðum. Verður nýting skoðuð reglulega til að greina eftirspurn eftir frekari aðgerðum sem þessum.

Áætlaður kostnaður við þessar aðgerðir er á bilinu 5-7 milljónir, fjármagn í framkvæmdir kæmi af fjármunum hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur.



Mynd 10: Tillaga að 26 stoppistöðvum til að hafa hjólastæði við, ásamt öllum leiðum í leiðakerfi Strætó.
Mynd: Úrklippa úr skýrslu um val á staðsetningum hjólastæða við biðstöðvar, mars 2020.

fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Kristinn J. Eysteinnsson
verkefnastjóri